

Akraneskaupstaður
Halla Marta Árnadóttir
Dalbraut 4
300 Akranesi

Reykjavík, 18. febrúar 2025
UOS2502056/A.Ö.H.
13.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Höfðasel - Iðnaðarsvæði - Akraneskaupstaður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar er barst 3. Febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið Höfðasel á Akranesi. Svæðið er tvískipt og á milli þeirra eru gömlu öskuhaugar bæjarins sem búið er að græða upp. Hluti iðnaðarsvæðisins nær yfir gömlu öskuhaugana þar sem til skoðunar er að verði starfsemi sem krefst ekki stórra bygginga, á borð við geymslusvæði, gámasvæði og athafnasvæði fyrir starfsemi og búnað sem verður utandyra. Umhverfisstofnun hafði áður veitt umsögn varðandi sama deiliskipulag á fyrri stigum dags. 31. mars 2023 sem hægt er að líta til. Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Áhrif á vatn

Umhverfis- og orkustofnun bendir á þar sem tillagan getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó)

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Stofnunin telur að framkvæmdir á gömlu öskuhaugunum gætu haft veruleg neikvæð áhrif á nærliggjandi vatnshlot, Berjadalsá ([104-179-R](#)), Flæðilæk, Blautós ([104-37-T](#)), sem og grunnvatnshlot Akranes ([104-269-G](#)) og Akrafjalls ([104-191-G](#)). Athugið að Flæðilækur er ekki skilgreint vatnshlot en hins vegar þarf að gera grein fyrir áhrifum á lækinn. Ofangreind vatnshlot hafa umhverfismarkmið sem sjá má í vatnavefsjá stjórnar vatnamála².

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

² [Vatnavefsjá](#)

Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Stofnunin bendir á að árósvatnshlotið Blautós er á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 15. gr. reglugerðar 535/2011. Allt rask á gömlu öskuhaugunum getur valdið losun á mengandi efnum í grunn- og yfirborðsvatn.

Þar sem tillagan getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um og meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Því er mikilvægt að unnið sé ítarlegt áhrifamat sem fyrst í ferlinu sem segir til um hver áhrif framkvæmda verða á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn. Þá bendir Umhverfis- og orkustofnun á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*³ um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Áður en leyfi eru veitt er mikilvægt að áhrif framkvæmda á vatn liggi fyrir svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lögum um stjórn vatnamála.

Mengaður jarðvegur

Hluti af iðnaðarsvæðinu við Höfðasel (I-316) er á skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun⁴. Svæðið hefur að geyma úrgang og ösku frá brennslu úrgangs í niðurbrotsfasa. Þannig er bæði jarðvegurinn á svæðinu mengaður og að öllum líkindum grunnvatnið sem og að áhrifa gætir líklega út fyrir urðunarstaðinn. Í flestum tilfellum eru slík svæði ekki hæf til byggingar eða annarrar nýtingar í náiinni framtíð, t.d vegna óstöðugs undirlags rotnandi úrgangs með gasmyndun. Stofnunin bendir á að haugar sem þessir eru viðkvæmir fyrir hvers konar röskun sem trufla jafnvægi haugsins og getur haft í för með sér ýmis konar hættur, s.s gasmengun og mengun í grunn- og yfirborðsvatn. Þá mun öll vinna á svæðinu vera áhættusöm fyrir umhverfið og framkvæmdaraðila. Ekki hefur komið fram að gerðar hafi verið nægjanlegar rannsóknir á svæðinu til að hægt sé að sýna fram á að svæðið sé hæft til notkunar.

Það er mat Umhverfis- og orkustofnunar að svæðið sem notað hefur verið fyrir brennslu- og urðun úrgangs, ætti að skilgreina sem varúðarsvæði skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Áður en uppbygging gæti hafist á þessu svæði, þyrftu að fara fram umfangsmiklar rannsóknir sem sýna fram á með óyggjandi hætti að svæðið sé ekki mengað yfir þeim mörkum sem fram koma í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Virðingarfyllt,

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

Kristín Kröyer

sérfræðingur

³ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

⁴ <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ&>